



# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

*„Málrækt sem verkfæri til að móta lýðræðissamfélag í leikskóla“*



## Table of Contents

Upplýsingar um verkefni .....	3
Áherslur verkefnisins .....	3
Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn .....	3
Upprunaleg markmið verkefnisins .....	3
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði .....	4
Málörvun og málrækt í Ösp .....	4
Markmið í málrækt og læsi .....	5
Fræðslu og þjálfun .....	6
Samstarf við Fellaskóli – Okkar mál samstarf .....	8
Markmið Okkar mál – samstarfs á milli Fellaskóla og Aspar .....	9
Foreldrasamstarf .....	10
Íslenskunámskeið fyrir foreldra .....	12
Foreldraráð .....	13
Lýðræði, sköpun og jafnrétti – starfsaðferðir og vinnubrögð .....	13
Lýðræði .....	14
Dæmi um svæðisflæði með myndum: .....	14
Sköpun .....	16
Jafnrétti .....	16
Jafnréttismarkmið og leiðir Aspar: .....	17
Námskrásgerð .....	18
Námskrásmarkmið .....	18
Frávík miðað við áætlun verkefnisins .....	19
Helstu hindranir sem koma upp við vinnu verkefnisins .....	20
Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylga í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu .....	21
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn .....	22
Niðurstöður verkefnisins .....	23
Lærdómur sem verkefnið leiddi af sér .....	23
Náðust markmiðin? .....	24
Áframhald af verkefninu .....	24
Áætlun um kynningu á afrekstri verkefnisins og helstu niðurstöðum .....	25
Heimildir .....	26

## Upplýsingar um verkefni

- Nafn styrkþega: Leikskólinn Ösp
- Nafn verkefnis: Málrækt sem verkfæri til að móta lýðræðis samfélag í leikskóla
- Nafn verkefnastjórar: Sólveig Þórarinsdóttir
- Númer samnings og ár umsóknar: UMS-113 113 og árið 2012

## Áherslur verkefnisins

Við lögðum áherslu á árangursríkt læsi alla leikskólagönguna. Við vildum skilja og nýta upplýsingar á fjölbreyttan hátt. Þar sem við lögðum af stað á þremur áföngum og þetta er í raun þriðji og síðasti hlutinn þá var helsta áherslan núna á að ljúka verkefninu. Við höfum verið að þróa nýbreyttni í skólanum sem eflir lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og samskipti, bæði meðal barna og foreldra á uppbyggjandi máta. Grundvöllur fyrir slíkri þróun var byggður á þörfum þeirra barna og fjölskyldna sem **njóta** þjónustu skólans. Brýnt var að okkur mati að vinna skólanámskrá sem endurspeglar nýja menntastefnu og þá þróun sem við höfum innleitt hér í Öspinni.

## Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn

- Að halda áfram að bæta og efla samstarfið á milli Fellaskóla og Aspar til að jafna stöðu barna og foreldra í hverfinu.
- Að móta sameiginlega læsisstefnu milli Fellaskóli og Aspar sem byggjast á nýjum kennsluaðferðum sem hafa verið þróuð og innleidd á báðum skólumstigum.
- Að halda áfram vinnu við að efla fagmennsku og fjölbreyttar kennsluaðferðir tengdum læsi innan starfsmannahópsins.
- Að styðja við foreldra í hlutverk þeirra sem málfyrirmynd í tengsl við læsisstefnu og væntanlega skólanámskrá Aspar.
- Að ljúka námskrárgerð sem byggir á þeirri þróun sem átt hefur sér stað hingað til og tekur mið af vinnu sem er verið að innleiða.
- Að festu í sessi vinnubrögð sem tengjast nýjum kennsluaðferðum og nýjum gildishugtökum skólans.
- Að kynna og miðla þeim nýjungum sem hafa verið að þróast og mótast í Ösp í gegnum þriggja ára þróunarverkefni.

## Upprunaleg markmið verkefnisins

Við upphaf verkefnisins voru sett eftirfarandi markmið sem við viljum einnig setja fram hér í lokaskýrslunni:

- Að efla þekkingu starfsfólks varðandi málþroska og málörvun ásamt því að kynnast þeim kennsluaðferðum sem til eru.
- Innleiða nýjar kennsluaðferðir sem byggja m.a. á skapandi starfi og málörvun sem ýtir undir læsi í mjög víðum skilningi.

- Að bæta vinnubrögð innan skólans sem byggja á lýðræðislegum gildum þar sem börn eru virk í því að skapa og móta námsumhverfi sitt.
- Að leita leiða til þess að bæta samstarf milli heimilis og skóla, þannig að ákveðin og markviss víxlverkun komi til með að eiga sér stað. Annars vegar þar sem foreldrar munu skila til skólans menningarlegum gildum heimilis og hins vegar þar sem skólinn skilar til foreldra gildum úr bæði námssamfélaginu og hinu íslenska samfélagi.
- Að bæta samstarf milli Fellaskóli og Aspar til að jafna stöðu barna og foreldra í hverfinu.
- Að móta nýja skólanámskrá.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Við höfum tileinkað okkur margir leiðir í að bæta og þróa starfsemi Aspar í gegnum þetta þriggja ára þróunarverkefni. Sumt hefur tekist vel hjá okkur en annað alls ekki eins vel. Hér munum við flokka þá þróun sem átt hefur sér stað eftir sex megin leiðum verkefnisins:

1. Málörvun og málrækt – kennsluaðferðir og vinnubrögð
2. Fræðsla og þjálfun
3. Samstarf við Fellaskóli – Okkar mál samstarfið
4. Foreldrasamstarf
5. Lýðræði, sköpun og jafnrétti – starfsaðferðir og vinnubrögð
6. Námskrágerð

## Málörvun og málrækt í Ösp

Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Tungumálið er mikilvægur þáttur í menningu þjóða og þjóðarbrota. Því ber að leggja áherslu á málrækt. Í Ösp leggjum við ríka áherslu á máltöku með sérstöku tilliti til barna með annað mál en íslensku. Við leggjum áherslu á máltöku íslensku bæði sem móðurmáls og annars máls. Okkar hlutverk er að styðja við foreldra með annað mál en íslensku og hvetja til málörvunar barna í móðurmálinu

(m.a. með fræðslu, hagnýtum upplýsingum um málörvun og tvítyngi, einnig í gegnum virkt samstarf á milli heimilis og skóla). Unnið er markvisst að aukinni hlustun, orðaforða, málskilningi, frásagnarhæfni, hljóðvitund og þróun ritmáls. Málörvun á að vera efst í huga hjá starfsfólki í öllu sem við gerum og nýta skal hvert tækifæri til að rækta íslensku í gegnum leik, söng, samskipti og í öllum mögulegum aðstæðum þar sem börn og fullorðnir eru saman.

Læsi er oftast skilgreint í tengslum við færni sem fólk þarfnast til þess að geta lesið og yfirfært hugsanir sínar í ritmál. Í *Aðalnámskra leikskóla* (2011) er læsi skilgreint í víðum skilningi, „læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“ (2011:42). Hér í Ösp er lögð áhersla á að leggja góðan grunn þegar kemur að þroska og undirbúningi barna fyrir lestrarnám. Í *Lesið í leik, læsisstefna*



*leikskóla (2013)* gefinn út af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, er hugtakið bernskulæsi (emergent literacy) það hugtak sem endurspeglar best þær starfsaðferðir sem við vinnum með í Ösp. „Bernskulæsi felur í sér skilning á læsistengdum hugtökum, það tekur til hefðbundinna læsispátta: bernskulæsi mótar eigið viðhorf barna til læsis og vitundar þeirra um tilgang þess. Auk þess sem málfærni leggur grunn að fyrstu skrefum barna við að tileinka sér læsi og síðar lestrarfærni.“ (2013:3).



Þróunarverkefni þetta hefur gefið okkur tækifæri að auka fræðslu til bæði starfsmanna og foreldra, efla þekkingu og vinnubrögð við málrækt og læsishvetjandi kennsluáðferðir. Afrakstur þróunarverkefnisins er sjáanlegt í metnaðurfyllri læsisáætlun sem við höfum sent frá okkur. (sjá fylgirit 1). Læsisáætlun Aspar endurspeglar þær nýju kennsluáðferðir og vinnubrögð sem við höfum tileinkað okkur.

Farið var út í mjög öfluga þróun hvað snertir notkun upplýsingatækni við málörvun undir leiðsögn verkefnastjórans Rakelar Magnúsdóttur hjá E-Twinning skrifstofunni á Íslandi. Við höfum

innleitt aukna notkun með spjaldtölvur á margvíslegan hátt í málörvun, bæði með skapandi hætti og sem leið til þess að efla orðaforða og málskilning með myndum. Við notum fjölbreytt smáforrit „applications“ bæði íslensk og ensk með börnunum í þeim tilgangi að stuðla að málrækt og sköpun meðal barnanna okkar. Í apríl 2015 var haldinn tæknidagur í Ösp (sjá fylgirit 2.) þar sem við deildum reynslu okkar og nýrri þekkingu með foreldrum, fagaðilum frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur og öðrum áhugasömum kennurum og starfsmönnum annarra leikskóla.

### Markmið í málrækt og læsi

- Að markvisst sé unnið að því frá upphafi leikskóla að efla áhuga barna á tungumáli og samskiptum.
- Að samskipti milli fullorðinna og barna stuðli að vellíðan, félagsþroska og máltöku.
- Að umhverfi skólans bjóði upp á fjölbreytt og margvísleg tækifæri barna til að upplifa tungumál.
- Að unnið sé markvisst að því, að rækta orðaforða og málskilning barnanna á sem fjölbreyttastan máta.
- Að barnabækur séu sýnilegar, aðgengilegar og að lesið sé daglega fyrir börnin.
- Að starfsmenn Aspar noti dagleg samskipti í að efla og styrkja orðaforða, málskilning og frásagnarhæfni barnanna.
- Að starfsmenn Aspar séu sífellt að bæta þekkingu sína hvað snertir málrækt og læsi, með það að leiðarljósi að skapa nýjar leiðir í leik- og kennsluáðferðum.
- Að markvisst sé unnið að því að stuðla að máltöku íslenskunnar sem annað mál í leik og með virkri þátttöku tvítýngdra barna í leikskólastarfinu.
- Að foreldrum og börnum með annað mál en íslensku sé mætt af virðingu og þeim veittur stuðningur og hvatningu við að efla móðurmál þeirra.

- Að stuðlað sé að samstarfi við Fellaskóla og Vínafell þannig að börnin upplifi samfellu í námi.

### Fræðslu og þjálfun

Í gegnum þriggja ára verkefni höfum við leitað margra leiða þegar kemur að því að auka þekkingu okkar hvað snertir fjölbreyttar leiðir í málörvun. Fræðslu hefur verið miðlað til starfsmanna Aspar með námskeiðum, málþingi, fræðslufundum, með kaupum á bókum og lestri rannsókna sem tengdust þeim leiðum sem við stefndum að og einfaldlega með þjálfun á gólfi frá fagfólki bæði frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og stjórnendum skólans. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir helstu fræðslu og þjálfun sem við höfum fengið.

Fræðslu aðila	Fræðslu þátt	Hvenær
Ásthildur B. Snorradóttir ásamt fleiri sérfræðingum	Málþing um félagsfærni boðskipti og málproska frávík	Haust 2012
Leikskólinn Tjarnasel Arndís H. Jónsdóttir	Kynning og fræðslu um Orðaspjallsaðferð og málörvun í Tjarnaseli	Haust 2012
Hrafnhildur Ragnarsdóttir P.h.D. Háskóla Íslands MVS	Námskeið: Málrækt og tvítyngi	Haust 2012
Fríða Bjarney Jónsdóttir SFS	Þjálfun á gólfinu: málrækt í daglegri starfi og samskipti með börn	Haust 2012-Haust 2013 (mörg skipti)
Birte Harksen	Námskeið:Aðferðir í málrækt gegnum tónlist með börn – myndræn og líkamstjáning	Haust 2012
Kristín Einarsdóttir Leikskólastjóri Garðaborg og Fríða Bjarney Jónsdóttir SFS	Námskeið: Málörvun í einingakubbar og opin efniviður	Haust 2012
Hjalti Heimspekifræðingur og Kristinn stjórn málafræðingur frá Lyðræðisfélaginu Alda	Námskeið: Lýðræði og gildi þess í starfi með börnum og foreldrum.	Vor 2013
Nichole Leigh Mosty og Guðrún Finnsdóttir	Kvöldfræðsla/námskeið: Grunnþættir í máltöku, málörvun og málskilningur	Vor 2013
Arndís H. Jónsdóttir Leikskólasérkennari M.Ed.	Námskeið: Málrækt gegnum spil og leik	Vor 2013
Arndís H. Jónsdóttir Leikskólakennari M.Ed.	Ráðgjöf: Hvernig við lesum fyrir börn, samræður, aðferð við bóklestur	Vor 2013
Sigrún Grendal (Greiningar- og ráðgjafarstöð Íslands)	Námskeið: Tákni með tali: leið sem stuðlar að málskilningur	Vor 2013
Guðrún Pétursdóttir ICI	Fyrirlestur: Grunnhugtök um fjölmennig, margmenning og inter cultural vs multicultural nám og kennslu	Vor 2013
Hallfríður Þórarinsdóttir MIRRA	Innflytjendafræðslu	Vor 2013
Birte Harksen og Ingibjörg Sveinsdóttir	Fyrirlestur: Leikur að bókum: kennsluaðferð með bóklestur og leik	Vor 2013
Rakel Magnúsdóttir- Verkefnastjóri Leikskólinn Bakkaberg og E-Twinning	Námskeið: Málörvun með spjaldtölvur	Vor 2013
Samúel C. Lefever Dósent HÍ MVS	Námskeið: Diagnostic Reading and Bilingualism (á íslensku skilgreindur lestur og tvítyngifræðslu)	Haust 2014
Rakel Magnúsdóttir Verkefnastjóri E-Twinning	Framhaldsnámskeið: Book Creator, BitsBoard, Puppet pals. Sköpun og málörvun með spjaldtölvur	Haust 2014
Birte Harksen	Framhaldsnámskeið: Tónlist og börn málörvun með tónlist	Haust 2014
Felicity Norton og Andrea Layzell sérfræðingar frá Pen Green	2 námskeið: PICLS öflugt foreldra samstarfi á leikskólastigi	Vor 2014

Children and Family Research Centre í Corby Bretlandi		
Felicity Norton og Andrea Layzell sérfræðingar frá Pen Green Children and Family Research Centre í Corby Bretland	Ráðgjöf og fræsðlu um foreldrasamstarfi og „inter agency co-operative work“ þverfaglegt samstarf milli stofnunar	Vor 2014
Guðrún Pétursdóttir ICI	Þjálfunarnámskeið: Fjölmennningarleg kennsluaðferðir í leikskólastarfi	Haust 2014
Gunnar Egill Finnbogasson Lektor HÍ MVS	Fyrirlestur: Lýðræði í leikskóla	Haust 2014
Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir Barnahjúkrunarfræðingur	Námskeið: Samskiptaboðorðin og foreldrasamstarf	Haust 2014
Kolbrún Vigfúsdóttir (fyrverandi starfsmaður SFS)	Námskeið: Einn leikskóli – Mörg tungumál (skráning á framförum barna í íslensku sem öðru máli)	Vor 2015
Guðrún Sigursteinsdóttir og Tinna Sigurðardóttir	Námskeið: Málþroski og leiðir til málörvunar	Vor 2015
Guðlaug Erla Gunnarsdóttir Skólastjóri Inngunnarskóli	Námskeið: Jákvæð og uppbyggingarleg samskipti með börnum.	Vor 2015
Rannveig Oddsdóttir Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri	Námskeið: Efla orðaforða, málskilning og skilgreiningu á læsi meðal fjölbreytts barnahóps (sérnsniðið námskeið)	Haust 2015
Hólmfríður Árnadóttir, Rannveig Oddsdóttir og Þóra Rósa Geirsdóttir MSHA	Ráðgjöf og vettvangsathuganir vegna þjónustukennslu og samstarf í læsisþróun Aspar	Haust 2015
Gunnlaug Thorlacius Félagsráðgjafi	Fyrirlestur: Foreldrasamstarfi við fjölskyldur sem glíma við erfiðar félagslegar aðstæður og vanrækslu	Haust 2015

Eftirfarandi er yfirlit yfir fræðslubækur sem keyptar hafa verið og notaðar í starfi og í þeim tilgangi að fræða starfsmenn Aspar:

Titill	Rithöfundur	Svið/efni
From Vacant to Engaged	Alistair Bryce-Clegg	Námskrá - leikskólafræði
Listening to Young Children: The Mosaic Approach	Alison Clark, Moss Peter	Lýðræði – skráning
Many Languages, Building Connections; Supporting Infants and Toddlers Who are Dual Language Learners	Karen N. Nemeth	Málrækt - tvítyngifræðslu
Scaffolding Language, Scaffolding Learning	Jim Cummins, Pauline Gibbons	Málrækt - tvítyngifræðslu
Young Investigators: The Project Approach in Early Years 2nd ed.	Judy Harris Helm, Lillian G. Katz	Lýðræði – leikskólafræði, skráning
Democracy and Education	John Dewey	Leikskólafræði
Digital Decisions	Chip Donohue	Leikskólafræði – námskrá - málrækt
John Dewey í hugsun og verki Menntun, reynsla og lýðræði	Ritsjórar: Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson	Lýðræði
Understanding Schemas and Emotion in Early Childhood	Cath Arnold and the Pen Green Team	Foreldrasamstarfi – leikskólafræði - námskrá
Working with parents	Margey Walley and The Pen Green Team	Foreldrasamstarfi

Improving Your Reflective Practice	Edited by Cath Arnold	Foreldrasamstarfi
Involving Parents in their Children's Learning	Margey Whalley and the Pen Green Centre Team	Foreldrasamstarfi
Child Development and Learning 2-5 Years	Cath Arnond	Leikskólafræði
Young Children Learning Through Schemas	Katey Mairs and the Pen Green Team	Foreldrasamstarfi
Lifandi mál	Þórunn Blöndal	Foreldrasamstarfi – íslenskanámskeið fyrir foreldrar
Bilingualism in Development	Ellen Bialystok	Tvítýngi fræðslu
Raddir barna	Ritstjórar Johanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir	Lýðræði
Creating Robust Vocabulary	Isabel L. Beck, Margret G McKeown, Linda Kucan	Málrækt
Democracy, Education and Multiculturalism	Carlos Alberto Torres	Lýðræði og fjölmennig
Educating Citizens in a Multicultural Society	James A. Banks	Lýðræði og fjölmennig
Weaving Te Whariki; Curriculum Document in Theory and Practice	Joel Nuttall	Námskrá
Understanding the Te Whariki Approach; Early Years education in practice	Wendy Lee, Margret Carr, Brenda Soutar and Linda Mitchell	Námskrá
Sjónarmið Barna og Lýðræði í leikskólastarfi	Ritstjórar Johanna Einarsdóttir Bryndís Garðarsdóttir	Lýðræði
My right to play; A child with complex needs	Robert Orr	Jafnrétti
Integrating Differentiated Instruction Understanding by Design; connecting content with kids	Carol Ann Tomlison and Jay McTighe	Námskrá
Skil skólastiga; Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla	Gerður G. Óskarsdóttir	Samstarf milli skólastig
Fjölbreyttar leiðir í námsmati; Að meta það sem við viljum að nemendur læri	Erna Ingibjörg Pálsdóttir	Námsmat - námskrá
Working with Families in Children's Centres and Early Years Settings	Margey Walley, Cath Arnold and Robert Orr	Foreldrasamstarfi
Interactive Comprehension Strategies; Fostering Meaningful Talk about Text	Frank Serafini	Málrækt

### Samstarf við Fellaskóli – Okkar mál samstarf

Verkefnið *Okkar mál – samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi* varð til vegna þess að þörf var á betra og bættu samstarfi á milli skólastiga. Sem þáttur af meginmarkmiði í þróunarverkefni okkar, *Málrækt sem verkfæri til að móta lýðræðislegt samfélag í leikskóla*, var það okkar áætlun að brúa bilið á milli skólastiga. Hægt er að segja að við fórum út í aukapróunarverkefni til þess að ná okkar markmiðum. Aðilar í Fellahverfi og stofnanir í Breiðholti tóku höndum saman með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu. Sett voru eftirfarandi meginmarkmið:



## Markmið Okkar mál – samstarf á milli Fellaskóla og Aspar

- að auka samstarf milli leikskólans Aspar, leikskólans Holts, Fellaskóla og frístundaheimilisins Vínafells í Fellaskóla
- að efla samstarf skóla- og frístundastarfs við Þjónustumiðstöð Breiðholts með velferð barna og fjölskyldna að leiðarljósi
- að nýta tækifæri sem felast í samstarfi við stofnanir í nærsamfélaginu s.s. Menningarmiðstöðina Gerðuberg, Borgarbókasafn, heilsugæslu, íþróttafélög og önnur félagasamtök
- að efla foreldrasamstarf í leik- og grunnskóla
- að auka þekkingu kennara og starfsfólks á þáttum sem hafa áhrif á máltöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku
- að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahópi
- að þróa og innleiða fjölbreyttar kennsluáferðir sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms
- að afrakstri verkefnisins verði miðlað á fjölbreyttan hátt til annarra er gagn hafa af



Þó að þörfin sé mikil og ákveðinn vilji til staðar, þá hefur gríðarlega mikil vinna verið lögð í það að fá alla aðilar saman að borðinu í þeim tilgangi að mæta börnum og fjölskyldum okkar betur. Fyrsta skrefið var að læra að skilja hvert skólastig fyrir sig. Við settum saman stýrihóp þar sem skólastjórnendur frá tveimur leikskólum og Fellaskóla ásamt fulltrúa frá Skóla- og frístundarsviði og Þjónustumiðstöð Breiðholts til þess að áætla hvað þarf að gera, hvernig og hvenær.

Frá vorinu 2013 hafa verið haldnir fimm sameiginlegir starfsdagar þar sem starfsmenn þvert á skólastig fengu fræðslu um málörvun, tvítýngi, fjölmenningu, foreldrasamstarf, fjölbreyttar kennsluáferðir, upplýsingatækni, uppbyggingarleg samskipti og jafnréttisfræðslu.

Stór og mikilvægur hluti af verkefninu hefur verið að koma kennurum þvert á skólastig saman við borðið. Hægt er að segja að kennarar í Fellaskóla á yngsta stigi og kennarar í leikskólanum á elsta stigi hafa lært að tala saman um hvaðan börnin koma og hvert þau eru að fara hvað varðar menntunarleið. Margir skipulagðir samráðsfundir deildarstjóra í leikskólanum og kennara á yngsta stigi í Fellaskóla hafa verið haldnir. Þessi hópur hefur einnig átt aðra mikilvæga fundi, þróað og tekið þátt í gagnkvæmum heimsóknum milli leikskólanna og grunnskólans. Gagnsemi þessa samráðs hefur

verið mikil. Ekki síst hefur verið stuðlað að umræðu sem æskilegt er að fram fari á milli skólastiga og sú umræða hefur skilað sér í nýjum hugmyndum og áherslum sem móta samstarfið.

Samstarfsverkefni og heimsóknir milli skólastiganna settu svip sinn á starfið. Kennarar beggja skólastiga fóru í heimsóknir á aðrar starfsstöðvar *Okkar máls* og kynntu sér starfið. Nemendur voru einnig duglegir að fara í heimsóknir á milli skólastiganna. Góð dæmi um það samstarf eru þegar stoltir 1. bekkingar Fellaskóla heimsóttu gömlu leikskólana sína í tvígang. Eldri nemendur sóttu leikskólana einnig heim og það vakti mikla lukku



þegar 5. bekkingar Fellaskóla tóku bækur á eigin móðurmáli með sér í heimsókn sína í leikskólana. Í þeirri heimsókn lásu 5. bekkingar upphátt á móðurmáli sínu fyrir leikskólabörnin, léku við þau og aðstoðuðu í útíöt. Sömu nemendur 5. bekkjar gegndu lykilhlutverki sem gestgjafi ásamt 2. bekk Fellaskóla þegar útskriftarárgangur Aspar og Holts mættu í vorskólann í lok maí. Þar var lagður grunnur að tengingu milli vinabekkjanna í 1. og 6. bekk næsta skólaárs. Þriggja daga vorskóli er haldinn að lokinni útskrift leikskólanna og þar fá leikskólabörnin að kynnst grunnskólastarfinu enn betur. Kennurum gefst tækifæri til að hitta verðandi nemendur og haldin er kynningarfundur fyrir foreldra. Í vorskólanum er frumsýnt myndband fyrir foreldra þar sem farið er yfir venjulegan skóladag í Fellaskóla á myndrænan hátt.

## Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarfi er einn mikilvægasta þáttur í leikskólastarfi. Við höfum lagt mikinn metnað og orku í það að reyna að finna nýjar leiðir í foreldrasamstarfi. Þegar ég tók við sem leikskólastjóri, þá var ekki til staðar starfandi foreldrafélag eða foreldraráð. Það var mjög erfitt að fá fulltrúa til þess að starfa samhliða okkur í ákvörðunartöku eða í þeim tilgangi að skipuleggja starfið. Foreldrahópur okkar er mjög fjölbreyttur, við erum með einstaklinga sem búa yfir mjög ólíkum bakgrunni hvað varðar félagslega stöðu og reynslu af skólakerfi/menntun sem slíkri. Við erum einnig með mjög fjölmennningarlegt samfélag þar sem meirihlutinn eða hátt yfir 75% allt upp í 85% af okkur foreldrum eru af erlendu bergi brotnir.

Við höfum þurft að ígrunda vel og vanda okkur þegar kemur að nálgun á foreldrasamstarfi og hverjir séu bestu möguleikarnir þegar kemur að eflingu þess. Við byrjuðum fyrst og fremst á því að endurskoða samskiptin. Spurðum okkur sjálf hvernig best væri að nálgast alla foreldra á sama grundvelli. Hvað var það sem stóð í vegi fyrir alvöru samstarfi við foreldrana hjá okkur? Við komumst á því að við vorum að glíma við margskonar hindranir s.s. tungumálaörðugleika, menningarlegan misskilning, áhugaleysi, feimni, fyrri reynslu af skólakerfi eða þjónustukerfi Reykjavíkurborgar. Svarið var einfaldlega það að við þurftum að draga eins mikið og hægt væri úr formlegum samskiptum og mæta fólk á jafningjagrundvelli. Það var okkur augljóst að boðskiptin þurftu að snúast um bæði það að hlusta og tala og mikilvægasta var að taka mið af foreldrum og þeirra þörfum. Við byrjuðum á því að breyta orðalaginu hjá okkur, við erum ekki lengur eingöngu með viðtöl þegar talað er við foreldra

heldur eru það samtöl. Við breyttum fundar aðstæðum okkar og keyptum hringborð. Við sitjum í hring þegar við tölum um börnin, fjölskyldur og leikskólamálefni. Foreldrar sem vilja fá túlk fá það hiklaust við allar aðstæður þegar þeir telja þess þurfa. Við fáum eins mikið af gögnum þýdd og hægt er. Við einföldum oft skilaboðin þannig að nauðsynlegustu upplýsingarnar koma fram og foreldrar hafa síðan kost á að spyrja nánar út í hlutina. Við tókum eftir því að vefsíða Aspar var mjög vannýtt af foreldrum og að þau voru ekki að sækja sér upplýsingar þar. Ákveðið var að prufukeyra leyni-facebook hóp eingöngu fyrir foreldra og starfsfólk skólans. Það hefur reynst öllum gríðarlega vel. Foreldrar vilja helst eiga bein samskipti við starfsmenn og stjórnendur, svo að við ákváðum að best væri að hafa „open door policy“ þar sem við erum eins aðgengileg og hægt er. Við gefum foreldrum tíma og rými til þess að tala við okkur, að þeirra vilja og eftir þeirra þörfum.

Við breyttum aðlögun og fyrstu kynni foreldra í leikskóla frá A til Ö. Við kynntum okkur þátttökunaraðlögun hjá öðrum leikskólum, í fræðslu hjá Pen Green Children's Centre og dagforeldrum í kringum okkur. Við vildum tengjast foreldrum frá fyrstu kynnum og opna alla möguleika hvað snertir myndun trausts í upphafi samstarfsins. Við bjóðum foreldrum kost á að hitta



okkur annað hvort í leikskólanum eða að fá okkur heim til þeirra í samtöl. Meirihluti foreldra velja núna að fá okkur heim til sín. Við tókum alltaf fram að markmið við fyrsta hitting er til þess að kynnst hvert öðru og kynnst barninu og að best er að hafa fyrirkomulagið eins og foreldrar óska. Þegar við mætum, þá afhendum við ýmislegar upplýsingar sem foreldrar hafa óskað eftir um aðlögun, hvaða hluti börnin þurfa að hafa með sér og hvað foreldrar mættu hafa í huga við að byrja með barn í leikskóla. Við útbjuggum upplýsingablöð sem eru útfyllt alveg 100% af hendi foreldra

á þeirra tungumáli. Upplýsingablaðið er ætlað að veita nauðsynlegar bakgrunnsupplýsingar um barnið og gefa foreldrum tækifæri til þess að lýsa barninu fyrir okkur með þeirra eigin orðum. Til dæmis gefum við foreldrum kost á að segja okkur frá eftirfarandi þáttum hjá barninu: áhugi, styrkleiki, veikleiki, heilsufar, hvað finnst barninu gott eða vont að borða og í raun allt sem foreldrar þeirra telja mikilvægt eða gott að við vitum um barnið. Við gefum foreldrum einnig kost á að spyrja okkur út í það sem þau vilja vita um leikskólann og okkur. Öll þessi gögn eru skilin eftir hjá foreldrum til þess að fylla út í rólegheitum fram á þá dagsetningu þegar aðlögun hefst.

Aðlögun var breytt hjá okkur frá því að vera fimm daga ferli, þar sem foreldrar og börn í rauninni venjast þess að kveðja og foreldri fékk oft litla innsýn í leikskólastarfið, til þess að vera boðin inn til okkar í þrjá daga til þess að læra um okkur og tengja starfsmenn og aðstæður í sameiningu við þeirra börn. Í aðlöguninni sjálfri þá vinna foreldrar og starfsmenn Aspar saman allan daginn. Foreldrar fá að kynnst daglegum leik og skipulagi Aspar, sjá hvernig starfsmenn eiga samskipti við börnin, kynnst öllum aðstæðum innan skólans og taka þátt í öllu sem fram fer að degi til hjá okkur. Starfsmenn fá tækifæri til að kynnst foreldrum og barni í sameiningu, að fylgjast með hvernig foreldrar eiga samskipti við barnið, spyrja spurningar um uppeldið á heimilinu og allt sem er viðeigandi í því

samhengi að kynnast börnum og foreldrum og veita þeim öryggi við að hefja leikskóladvöl. Á meðan aðlögun stendur, er foreldrum boðið upp á fræðslufund um málörvun, samtöl með stjórnendum um leikskólann sjálfan og starfsemina sem hér á sér stað og foreldrar vinna samhliða deildarstjóra í að koma barninu fyrir í leikskólanum. (Til dæmis útbúa foreldrar hólfið í fataklefanum og klósettaðstæður, setja saman kassa með auka fötum/merkja fötin, búa til fjölskyldumyndaspjöld sem og merkja ýmsar aðstæður sem tilheyra barninu þeirra)

Við höfum einnig tekið á skarið, við styðjum við foreldra í hlutverk sínu sem málfyrirmynd óháð því hvaða tungumál talað er á heimilinu. Við bjuggum til bakpoka (tungumálataska) sem fer á milli Aspar og heimilis barnanna. Í töskunni eru bækur, spil, myndir og aðrir hlutir sem við notum í málörvun í Ösp. Taskan fer heim í fjóra daga með hverju barni og rúllar endalaust. Efniviðir sem eru settir í töskuna eru síbreytilegir og tengjast alltaf því sem verið er að vinna með í leikskólanum hverju sinni. Við setjum einnig í töskuna leiðbeiningar sem þýddar eru á átta tungumál. Foreldrar fá hagnýta leiðsögn á hvernig hægt er að vinna með málörvunina heima fyrir. Leiðsögnin er skýr og skrifuð á „mannamáli“. Hér fyrir neðan er dæmi á íslensku:

Endilega taktu tíma með barninu þínu til að nota það sem í töskunni er til þess að styrkja og efla móðurmál þeirra.

- Ef þú getur lesið á Íslensku þýddu þá söguna og segðu hana á þínu tungumáli.
- Segðu frá myndunum og hvað er að gerast á þeim.
- Spurðu spurninga um myndirnar.
- Útskýrðu hvað hlutir þýða á þínu tungumáli og spurðu barnið hvað þeir þýða á íslensku.
- Leikir eru góðir fyrir orðaforðann, læra tölur, kenna hugtök eins og upp, niður, fyrir aftan, fyrir framan, undir, yfir og liti.
- Njótið þess að hafa gaman saman, börn njóta þess að hlæja og læra með fullorðnum.

Ef þið þurfið að vita meira ... endilega komið og talið við okkur, það skemmtilegasta sem við gerum er að tala um málörvun og börnin ykkar.

Starfsfólk og vinir ykkar á Ösp



### Íslenskunámskeið fyrir foreldra

Eitt stórt verkefni sem við erum afar stolt af er íslenskunámskeið fyrir foreldra sem fram fer hér í Ösp. Við höfum náð að brúa bilið á milli heimila og skóla með þeim hætti að mæta grunnþörfum hjá stórum hópi foreldra. Við bjóðum foreldrum upp á kennslu í leikskólanum á meðan börnunum er boðið að dvelja aðeins lengur. Námskeiðið hefur haft það að meginmarkmiði að tengjast leikskólanum og þeirri starfsemi sem hér fer fram. Leitað var eftir kennara sem var reiðubúinn að vinna með foreldrahópnum út frá þeirra þörfum hvað varðaði íslenskuna. Við spurðum við upphaf námskeiðsins hvað viljið þið læra? Hvar og hvernig eru þið að glíma við íslenskuna? Við byrjuðum á að kenna orðaforða tengdan leikskólanum, daglegt líf og samskipti við Íslendinga. Námskeiðið og innhald þess hefur verið bæði fjölbreytt og skemmtilegt. Eftirfarandi listi felur í sér þó



október 2015

nokkur dæmi um innihald námskeiðsins:

- Bóklestur og greinagerð um íslenskar smábækur (Bláa Kannan ) með aðstoð barnanna
- Gerð námsefnis fyrir notkun í leikskólanum (búa til orðaforðaspil)
- Búa til íslenskar pönnukökur, búa til matseðill, þjóna börnum og starfsfólki á íslensku
- Heimsókn á bókasafnið, fengu leiðsögn og fræðslu og völdu svo íslenskar bækur
- Horft á íslenskan sjónvarpsþátt með umræðum og greinagerð um innihald þáttarins
- Haldið var utan um dagbók þar sem foreldrar skráðu það sem þau lærðu og vildu læra
- Unnið með íslensk dagblöð og rafræna fjölmiðla
- Búa til jólaleikrit á íslensku sem var flutt fyrir börn og foreldra
- Unnið var með íslensk sönglög og foreldrar stjórnaðu brekkusöng/jólasöng á samkomu með foreldrum og börnum á vegum leikskólans
- Unnið með íslenskan orðaforða í Fab Lab þar sem foreldrar bjuggu til skilti fyrir garð leikskólans
- Unnið var með kennslufnið „íslenska fyrir alla“
- Efldur var orðaforði, málskilningur, frásagnir og tjáning, málfræði og tengsl við nærsamfélagið

### Foreldraráð

Ösp hefur ekki verið með virkt foreldraráð síðan ég byrjaði starfið sem aðstoðarleikskólustjóri árið 2009. Við höfum aldrei farið markvisst af stað við að kanna hvers vegna foreldrar vildu ekki starfa með okkar, en eftirfarandi ástæður hafa verið gefnar af þeim einstaklingum sem við höfum beðið um að starfa með okkur: tungumálaörðuleikar (það væri erfitt að lesa öll gögnin), tímaskortur, enginn áhugi fyrir formlegri starfsemi skólans, vildi ekki lenda í að svara gagnvart öðrum, skildi ekki alveg hvað væri ætlast til af þeim og bara hreinlega sagt nei takk við okkur án skýringa. Við höfum verið í mikilli sjálfskoðun um hvernig við getum náð til foreldra og veitt þeim tækifæri til þess að beita sínum röddum. Svárið var einfaldlega að við þurftum að opna leiðir til þess að eiga samskipti og gefa öllum foreldrum kost á að tjá sínar skoðanir. Svólítið í þessum anda „if you build it they will come“. Við höfum á síðastliðunum þremur árum unnið mikið í því að tala við foreldra með þeim hætti að þeir hafa tækifæri til þess að leggja mat á allt sem hér fer fram og gera okkar starfsemi eins sýnilega og hægt er svo að hægt væri að móta skoðun á því hvað er að gerist. Foreldrar hafa opið boð um að vera viðstaddir allt sem við erum að gera hér, við höfum aukið gríðarlega mikið sameiginlegar stundir sem gefur okkur tækifæri til þess að „spjalla“ um börnin og skólann. Nú loksins árið 2015 voru sex foreldrar sem voru ekki bara tilbúin í að mynda foreldraráð, heldur líka eru þau búin að skila af sér reglum fyrir ráðið og eru í fyrsta sinn að skipuleggja viðburði fyrir hönd skólans. Það er yndisleg tilfinning að fá „skipun“ frá foreldrum!

### Lýðræði, sköpun og jafnrétti – starfsaðferðir og vinnubrögð

Lýðræði, sköpun og jafnrétti eru þrjú af aðalgildishugtökum Aspar og skilgreind sem grunnþættir menntunar í *Aðalnámskrá leikskóla*.

*„Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í eintaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. Námsgreina geta verið sérhæfing í viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig.“ (2011:15)*

## Lýðræði

Þegar lagt var af stað með það að leiðarljósi að efla raddir barnanna í þeim tilgangi að styðja við lýðræðið, þá vorum við með dálitla formótaða hugmynd um hvernig lýðræði ætti að vera og hvernig við ættum að ná fram sjónarmiði og álitum fólksins. Við höfðum lært að lýðræði er ekki endilega formlegt ferli, heldur er það tækifæri til þess að móta þróun, vellíðan og jafnrétti.

Í upphafi verkefnisins vildum við halda fundi með börnunum, gefa þeim tækifæri til að taka ákvarðanir og mynda sér skoðun um hluti. Við ætluðum að búa til Asparþing! Við fórum af stað með metnaðarfullu kerfi þar sem starfsfólk bjó til nokkra litla hópa og komu með málefni þar sem börnin gátu tjáð sitt álit á málefninu og óskað var eftir innleggi barnanna. Starfsmaður skráði síðan niðurstöðu og sendi fulltrúa hvers hóps á fund með leikskólastjóra til þess að „ræða málin“. Fyrstu tilfellið gengu misvel þar sem við leituðumst eftir því að heyra hvað börnin voru ánægð með í Öspinni og hvar við þyrftum að breyta og bæta. Það kom í ljós að sum börnin vildu fá sundlaug í garðinn og önnur vildi fá pizzu oftár í matinn. Næst ákváðum við að leyfa börnunum að skipuleggja foreldrakaffi. Ég fékk til mín fulltrúa sem voru búnir að ræða í sínum hópum hvað og hvernig þau vildu hafa kaffið með foreldrum sínum. Við fórum í göngutúr niður í Elliðaárdalinn, settumst niður og byrjuðum að ræða saman um hvernig við ættum að framkvæma foreldrakaffið. Ég sá strax að fulltrúaaðferðin var alls ekki að virka sem skildi. Börnin töluðu um allt annað en það sem var skráð hjá hópnum. Mín upplifun var að kannski náði rödd þessa barns ekki að vera með í niðurstöðunni frá hópnum eða að með samtali út frá öðru sjónarhorni þá mynduðu börnin allt í einu aðra skoðun. Við settum Asparþing aftur á hilluna og ákváðum að leita að rödd barnanna og sjónarmiði þeirra með öðrum hætti.

Svarið var svæðisflæði. Við breyttum frjálsta leiknum í Ösp í **athöfn** þar sem börn fengu að velja leik, aðstæður, vini, efnivið og/eða starfsmann að eigin vilja. Börnin fengu að leggja mat á það hvernig svæðisflæðið gekk, hvaða efniviður og leikur var á boðstólnum og hvernig starfsfólkið mætti þeim í leik. Við byrjuðum hvern einasta dag með 1.5 -2 tímum í svæðisflæði þar sem starfsfólkið var með skilgreint hlutverk og leikefni sem þau bjóða börnunum upp á, á fyrirfram skilgreindum svæðum. Börnunum var frjálst að flæða á milli svæða og ef þau vildu breyta leik eða efniviði, þá höfðu þau frelsi til þess að segja svo við starfsmanninn á svæðinu. Með þessari aðferð upplifðum við mikla aukningu á traust á milli starfsmanna og barna hvað varðaði tjáningu á skoðunum barnanna til starfsmanna. Við höfum einnig vilja starfsfólks til að taka mið af barninu og því sem það sagði.

Við höfum aukið lýðræði með þeim hætti að rödd barnanna skín í gegnum valið. Börnin hafa yfirfært þessa hugsjón um að þau megi segja það sem þau vilja með því að hafna, velja, leggja mat á hlutina eða beinlínis skipta um skoðun að eigin vilja í öðrum þáttum dagsins. Börn eru óhrædd við að spyrja „Nichole af hverju er þetta svona? Af hverju má ekki vera svona?....mamma mín segir...“. Breyting felst fyrst og fremst í því að starfsmenn tileiknuðu sér það hlutverk að hlusta með virkni, meta svo hvað var sagt eða hvaða óskum börnin komu á framfæri og síðan að svara af tillitsemi til barnanna.

### Dæmi um svæðisflæði með myndum:

Eftirfarandi myndir voru teknar einn morguninn þegar ég gekk um með spjaldtölvuna og einfaldlega tók myndir af öllu sem var að gerist hjá börnum og starfsfólki. Starfsfólkið virðist að mörgu leiti vera aukaatriði en eru þó í raun mikilvægasti hlekkurinn hérna, í að virða líðan og ákvörðunum barnanna í sjálfu svæðisflæðinu. Starfsfólkið tekur að sér það hlutverk að hlusta á og styðja við börnin, að leiða þau áfram en taka ekki stjórnina. Starfsmenn hafi einnig aukað vægi radda barnanna í að þróa svæðisflæði svo að þau vinna betur í sameiningu með samstarfsmönnum sínum, hafa greiðari aðgang

að efnivið og þekkingu betur til barnahópsins sem heild. Valmöguleikar eru alltaf fjölbreyttir og áhugi barnanna er alltaf í forgangi. Við höfum aukið tækifæri barnanna bæði til að beita rödd sinni í starfsemi skólans og við teljum einnig að takist hafi að auka eignarhald þeirra í skólastarfinu, starfsfólki og skólaumhverfinu.



Í kjölfar af innleiðingu svæðisflæðis, leituðum við eftir fleiri aðferðum í daglegu skólalífi sem myndi gefa börnum kost á hafa áhrif og auka eignarhald þeirra. Við bjuggum til kerfi þar sem börnin eru aðstoðarmenn í næstum því öllu sem við gerum. Aðstoðarmenn hjálpa okkur við að framkvæma allt sem gengur og gerist í leikskólanum í gegnum daginn. Við erum með aðstoðarmenn hvað snertir þvott, í hádegisundirbúningi, með tiltekt í fataklefanum, sem sækja vatn og hrein glös til fyrir börnin inn á þeirra eigin deild, aðstoða við söng- og samverustundir, aðstoða við að tilkynna veður og klæðnað til þess að vera í útiveru og síðast en ekki síst er barn sem heldur utan um ávaxtastundir í Ösp. Hugmyndin á bakvið alla þessa aðstoðarmenn er að gefa börnunum eignarhald í daglegu starfi og að styðja við það að þau skilji hvernig ákveðnir hlutir ganga fyrir sig. Ég spurði dreng einu sinni af hverju hann væri að sækja vatn í eldhúsið, svarið var hreinlega sannleikurinn „Nichole, ef ég sæki ekki

*vatn og hrein glös hvernig eiga börnin þá að fá sér að drekka þegar þau eru þyrst? Vissur þú það ekki Nichole!”* Mín eigin móðir hefði ekki getað sagt það betur.

## Sköpun

Í Ösp skilgreinum við sköpun sem grunnþátt í lýðræðislegu samfélagi þar sem allir þátttakendur eru hvattir til þess að vera opnir fyrir fjölbreyttni og nýta styrkleikana, áhugi og hugmyndir nýttar til þess að skapa nýjar leiðir í námi og leik barnanna. Við viljum hvetja börn og starfsfólk til þess að nota náttúrulega forvitni og áhuga sem leiðarljós í að kanna heiminn og öðlast nýja þekkingu og skilning. „Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekkta og þar með auka þekkingu sína og leikni. Þótt sköpun í almennum skilning sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi“ Aðalnámsskrá leikskóla (2011:22).



Við leitum að nýjum leiðum og nálgunum í starfi og leik barnanna, myndlist byrjar og endar hjá barninu. Við hvetjum börn til þess að nota ímyndunarafli, áhuga og reynslu sína til þess að öðlast nýja færni og þekkingu. Við hvetjum börn til þess tjá hugsanir sínar eins oft og á eins fjölbreyttan hátt og hægt er. Við notum myndlist, tónlist, spil, hlutverkaleik, samskipti, könnunarleik, skynjunarleik, útikennslu og leik, hreyfileik og dans, könnunaraðferð og lestur. Þegar sköpun er höfð að leiðarljósi eru möguleikarnir til

þróunar engum takmörkum sett. Við teljum að grunnvallaratriði í sköpun er að ekki vera hrædd við fjölbreyttni heldur fagna henni. Í Ösp höfum við tileinkað okkur það sem vinnubragð að vera óhrædd við að leita nýrra leiða í öllu sem við gerum með börnum og foreldrum og höfum innleitt margar fjölbreyttar leiðir í starfinu og við lausnaleit. Umhverfið býður upp á endalaus tækifæri og möguleika fyrir

börn að njóta sín í leik og námi, kanna hluti, blanda efnivið, vinna með skynfærunum og hugmyndir barnanna sjálfra.

## Jafnrétti

Orðið jafnrétti er oftast notað þegar átt er við jafna stöðu og rétt kvenna og karla þ.e. kynjajafnrétti. Í Ösp er okkar sýn að jafnrétti snúist fyrst og fremst um að viðurkenna að við erum ólík og að engir tveir eru eins. Allir hafa sitt kyn, bakgrunn, menningu, viðhorf til lífsins, hæfni, getu, þekkingu og svo má áfram telja. Í Ösp er hverjum og einum mætt með virðingu og gefin eru jöfn tækifæri til að þroskast, dafna og taka þátt í öllu leikskólastarfi. Við vinnum gegn fordómum og berjumst gegn staðalímyndum. Við erum meðvituð um að viðhorf okkar til annara skiptir öllu máli og ræður ferðinni. Við teljum að það sé okkar hlutverk sem menntastofnun og þjónustuaðili að skapa umhverfi þar sem jafnrétti ríkir og að skólinn endurspegli hið margbreytilega samfélag sem við búum í. Við viljum að



börn, starfsfólk og foreldrar upplifi að menntun allra sé mikilvæg og að virðing einkenni allt skólastarf og samskipti okkar á milli. Við viljum skapa jákvæðar fyrirmyndir af báðum kynjum og búa til umhverfi þar sem börnin upplifi það að bæði karlar og konur gangi jafnt í hlutverk innan skólans.

Í Ösp virðum við allar þær reglur og gildi sem fram koma í *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*. Við tökum sérstak tillit til 2. greinar, Jafnræði – bann við mismunum þegar unnið er að móta jafnréttisáætlun skólans og þar stendur; „Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.“



Einnig 12. greinar, Réttur til að láta skoðanir

sínar í ljós og til að hafa áhrif; „Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.“

Við teljum að ef við mætum þessum reglum og leyfum gildum þeirra að leiða okkur í starfi, þá sköpum við svigrúm fyrir börn til að skapa heilbrigða og réttláta sýn óháð staðalímyndum, mismunum og fordómum.

Við settum okkur metnaðurfull markmið og leiðir til þess að efla jafnrétti og bjóða börn okkar og foreldrum upp á skólasamfélag þar sem allir eiga heima og líða vel hjá okkur.

### Jafnréttismarkmið og leiðir Aspar:

- Vinna gegn stöðluðum kynjamyndum í skólastarfi.
  1. Ráða til starfa karlkyns starfsfólks og tryggja að allir gangi jafnt til starfa og sinni eins hlutverki sínu burt sé frá kyni hvers og eins.
  2. Rýna í náms- og kennsluefni sem er til staðar og fjarlægja efni sem lýsir kynjandun hlutverki eða ímynd.
  3. Kaupa inn náms- og kennsluefni sem stuðlar að og eflir skilning barnanna á jafnrétti og jákvæðu viðhorfi til beggja kynja.
  4. Skapa umhverfi þar sem börn eru frjálst til þess að umgangast jákvæðar og uppbyggilegar fyrirmyndir af báðum kynjum.
- Auka skal jafnréttisfræðslu til starfsfólks, barna og foreldra skólans.
  1. Starfsfólk mun fá fræðslu og þjálfun í kennsluháttum tengdum jafnréttisfræðslu og hvernig unnið er með að veita börnum á leikskólaaldri þessa fræðslu.
  2. Boðið verður upp á námskeið fyrir foreldra um jafnréttisfræðslu.
  3. Starfsfólk skal miðla og fræða börn um jafnrétti og mannréttindi í gegnum leik og skipulagt hópstarf.
- Að vinna gegn einelti og kynferðislegri áreitni.
  1. Það verður yfirlýst í stefnu skólans að einelti og kynferðisleg áreitni eru ekki liðin innan skólans.
  2. Unnið verður að gerð eineltisáætlunar hjá okkur í Ösp.
  3. Fræðsla til starfsfólks um kynferðislega áreitni og hvernig hægt er að koma í veg fyrir ósanngjarna og meiðandi kynferðislega hegðun, verður veitt á starfsdegi.

4. Starfsfólk verði frætt um rétt þeirra um að komið sé fram við þau af virðingu.
5. Telji starfsfólk, foreldrar eða börn að jafnrétti sé brotið í Ösp skulu þau leita til mannauðsdeildar Reykjavíkurborgar.

## Námskrágerð

Við upphaf verkefnisins var ákveðið að skrifa nýja námskrá fyrir Ösp þar sem gamla námskráin var fallin úr gildi. Námskráin tók ekki mið af margbreytileikanum, lýsti yfir gamallri kennslu- og starfsaðferðum sem eru ekki lengur notaðar í skólanum og var ekki í tengslum við þá þróun sem hefur átt sér stað hvað varðar uppeldi, menntun og sérstaklega leikskólafræði.

Við lögðum af stað fyrst við að vinna með gildi skólans sem kjarni af okkur stefnu eða námskrá. Flestir skólar eiga einkennisorð, en við vildum tengja nýja *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) við margbreytileika. Rýnt var í nýju námskrána og grunnþættir samhliða þeirri áskorun sem felst í því að vinna með svona margbreytilegan hóp af foreldrum og börnum. Sex hugtök voru loksins „ættleidd“: lýðræði, málrækt, jafnrétti, leikur, sköpun og vellíðan. Við töldum að öll hugtökin væru jafn mikilvæg til að stuðla að og efla í starfi og leik hjá okkur í Öspinni. Hugtökin sex eru að okkur mati samofin, samtengd og ekkert af þeim er mikilvægara en annað. Við töldum að ef við vildum hafa heildstæða nálgun hvað varðar uppeldi, menntun og samstarf með börnum og fjölskyldum þeirra, þá eru þessi sex gildi lykilli í að tryggja það að fólk dafni og þroskist. Gildin voru skilgreind og starfsfólk fór af stað í að móta vinnubrögð og starfsaðferðir sem munu koma til með að eiga heima hjá öllum hugtökum.

Skref tvö var til þess að móta okkar markmið byggð á gildishugtökunum. Við lögðum starfsdag undir hópavinnu og umræður þar sem mikil sjálfskoðun var á gildishugtökunum og hvernig þeim er fylgt eftir í starfinu á leikskólanum. Við litum fyrst á barna og foreldrahópana, hvaða þarfir voru þarna? Hvernig væri best að mæta fólki af svona ólíkum bakgrunni og virkja alla með okkur? Hvaða leiðir í starfinu verði best nýttar með ólíkum starfsmönnum, þar sem við höfum fáa faglærða leikskólakennara í starfinu? Hér fyrir neðan eru þau markmið sem eru í rauninni kjarninn af hinni nýju skólanámskrá Aspar.

## Námskrármarkmið

### Málrækt:

- Að stuðla að máltöku barnanna bæði á íslenskri tungu og móðurmáli.
- Að efla hlustun, máltjáningu, orðaforða, málskilning og hljóðvitund barna.
- Að umhverfið sé hvetjandi og ýti undir áhuga barnanna til samskipta milli bæði barna og fullorðinna og einnig á milli barnanna sjálfra.
- Að styðja við foreldrana í þeirra hlutverki með málörvun heima við.

### Leikur:

- Að bjóða börnum upp á fjölbreytileg tækifæri til að dafna, þroskast og læra í gegnum leikinn.
- Að útbúa leikumhverfi sem styður við vellíðan og meðfæddar þarfir barnanna til þess að kanna heiminn.
- Að starfsfólk leikskólans séu virkir þátttakendur í leik barnanna.
- Að börn fái frelsi og frumkvæði til að búa til nýja reynslu og þekkingu í gegnum leik.

### Jafnrétti:

- Að virða rétt allra til að njóta lífsins og hafa sínar eigin skoðanir.
- Að virða rétt barna og fjölskyldna til að eiga sinn bakgrunn, tungu, kynþátt, trú og viðhorf til lífsins.
- Að starfsfólk Aspar vinni stöðugt með sín viðhorf gegn fordómum.

- Að stuðla að menntun og uppeldi barnanna á uppbyggilegan hátt sem miðar að hverjum og einum eintakling.
- Að bjóða börnum upp á jöfn tækifæri í námi og leik.
- Að umhverfi skólans endurspegli margbreytileikann í samfélaginu sem börnin verða svo hluti af seinna meir.

**Vellíðan:**

- Að börnum, fjölskyldum, starfsfólki og utankomandi aðilum líði vel og eins og þeir séu öryggir hjá okkur.
- Að stuðla að bæði andlegri og líkamlegri heilsu barna, starfsfólks og foreldra.
- Að efla jákvæða sjálfmynd og trú á eigin getu hjá börnum, fjölskyldum og starfsfólki Aspar.
- Að hlúa að öllum einstaklingum sem felst í því að veita þeim umhyggju og umburðarlyndi.
- Að umhverfi Aspar hvetji til jákvæðra samskipta og samlyndi meðal barna, foreldra og starfsfólks.

**Lýðræði:**

- Að veita börnum, foreldrum og starfsfólki tækifæri til að móta skólasamfélag og starfsemi Aspar.
- Að tryggja þess að börn séu virkir þátttakendur í leikskólastarfsemi og ákvörðunartöku.
- Að efla sjálfstæði og sjálfræði barna, foreldra og starfsfólks Aspar.
- Að styrkja færni starfsfólks í að hlusta á og virða rödd barnanna og foreldra.

**Sköpun:**

- Að virkja áhuga, hugmyndir og styrkleika barnanna og starfsfólksins í leik og námi.
- Að hvetja börn til að nota meðfædda forvitni og áhuga sem leiðarljós í að öðlast nýja þekkingu og skilning.
- Að hvetja starfsfólk til að skapa nýjar leiðir í menntun og uppeldi.
- Að efla ímyndunarafl barnanna.
- Að umhverfi leikskólans bjóði upp á ótakmarkaða möguleika til hugmyndaflugs í leik og námi.
- Að nota fjölbreytilegar aðferðir og efnivið í öllu starfi leikskólans.
- Að nýta og virkja margbreytileikann sem er til innan barna og starfsmannahópsins.

Þriðja skrefið var að móta starfsaðferðir sem eru byggðar á þessum markmiðum. Við beittum fagáætlun Aspar (sjá fylgirit 3) til þess að styðja við innleiðingu starfsaðferða og vinnubragða. Fagáætlunin var sett fram til deildarstjóra sem rammi með góðri lýsingu á fjölbreyttum leiðum í leik og starfi. Deildarstjórnir notaðu fagáætlunina til þess að skipuleggja daglegt starf. Fagáætlunin var einnig notuð til þess að fræða starfsmenn á deildum um faglegt leikskólastarf, þar sem við erum með svo marga ófaglærða starfsmenn. Við teljum að við höfum náð að setja fagáætlunina í ákveðinn sess og höfum tileinkað okkur mjög faglegar og framsækjandi leiðir í starfi.

Nú erum við á fjórða og síðasta skrefinu í námskrágerðinni, og það er að reyna hvað mest á okkur. Það er einfaldlega að setja saman alla þá þróun sem átt hefur sér stað og **skrifa** námskrána. Við höfum átt mjög erfitt með að setja á blað allt sem við höfum tileinkað okkur. Að hluta til þar sem breytingar hafa verið svo miklar og að hluta til þar sem skortur á fagfólki hefur haldið okkur nær starfinu og ekki gefið okkur nægilegt svigrúm til námskrágerðar.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið gekk að mestu leyti samkvæmt áætlun og jafnvel stundum gengjum við lengra en áætlunin gerði ráð fyrir. Við teljum að eitt stórt frávik hafi verið samstarf með fræðiaðilum í Háskólanum og hjá Skóla- og frístundarsviði. Við höfum fundið fyrir öfugri þróun varðandi það. Sérfræðingar hjá Háskóla

Íslands MVS og Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar hafa meira leitað til okkar til þess að miðla þróun í Ösp en að styðja við áframhaldandi handleiðslu hér á gólfinu. Það hafa komið til okkar sérfræðingar á vegum Háskóli Íslands MVS og framkvæmt rannsóknir hér og við höfum verið beðin um að koma með fyrirlestra oftast en hægt er að telja. Því miður hafa þau samskipti ekki verið gagnleg þar sem rannsóknarniðurstöður hafa aldrei verið skilað til okkar. Við hefðum viljað geta fengið umbótaráætlun eða ráðgjöf inn til okkur í tengslum við rannsóknir og niðurstaða af þeim.

Stórt frávík er það að við erum ekki enn komin með sameiginlega læsistefnan á milli Fellaskóla og Aspar sem byggjast á nýjum kennsluáðferðum sem hafa verið í þróun og innleiðingu á báðum skólastigum. Fjallað er frekar um það hér fyrir neðan þegar ég mun ræða hindranir.

Námskráargerðin hefur einnig ekki gengið nægilega vel hjá okkur, þó að markmið og leiðir hafi verið vel skilgreindar og innleiðing þess sést í daglega starfinu og vinnubrögðum starfsmanna. Það eitt sem liggur enn hjá okkur er vöntun á vel unnu ytra mati á innleiðingu námsviða í daglegu starfi. Sem stjórnanda skólans tel ég að ég sé mun á vinnubrögðum og kennsluáðferðum sem við vinnum með en það þarf að gera formlegt mat og hér vil ég meina að nauðsynlegt sé að fá ytra mat.

## Helstu hindranir sem koma upp við vinnu verkefnisins

Þó að hægt væri að segja að þriggja ára þróunarverkefni væri hæfilega mikinn tími til þess að innleiða og gera allt sem ætlast var til, þá teljum við að ein helsta hindrunin var tímaskortur. Leikskólaumhverfið í dag er mjög krefjandi vettvangur. Hér í Ösp erum við að glíma við ýmsa ytri þætti sem koma upp eingöngu í tengslum við börn og fjölskyldur sem tilheyra okkur skóla. Við teljum að það er ekki alltaf nægur tími til að gera allt sem ætlast er til af okkur á vegum Skóla- og frístundasviðs. Hér má nefna ýmsar stefnur og verkefni á vegum Reykjavíkurborgar sem við þurfum einnig að innleiða.

Við höfum einnig fundið fyrir hindrunum í samstarfi okkar við Fellaskóla. Þar sem Fellaskóli er einnig að vinna öflugt þróunarstarf innan veggja skólans, þá hafa oft komið upp erfiðleikar við að skipuleggja fundi. Eitt sem ég á mjög erfitt með að viðurkenna er að við höfum ekki náð að klára sameiginlega læsisáætlun. Við höfum skráð fundi til þess að vinna þvert á skólastig mjög oft á síðastliðnum tveimur og hálfu ári, en fundir hafa alltaf verið afskráðir vegna annars sem komið hefur upp á.

Annað sem var mikil hindrun og er okkur gríðarlega mikið áhyggjuefni, er skortur á fagfólki og áhugaleysi hvað varðar leikskólastarfsemina. Við töldum í upphafi verkefnisins að með því að fá styrk í slíkt þróunarstarf myndum við soga inn til okkar áhugasömum leikskólakennurum sem vildu vinna faglegt og spennandi þróunarstarf. Það fór á algjörlega öfugan máta. Við tókum inn til okkur a.m.k. fimm leikskólakennaranema á meðan að verkefnið stóð yfir og enginn af þeim vildi sækja um starf í framhaldinu. Það kom einnig verulega niður á námskráargerðinni. Þegar það eru fáir faglærðir kennarar á staðnum, þá reynir mjög mikið á þá fagþekkingu sem þarf til þess að ígrunda í starfsáðferðir, framþróun og í raun leggja mat á starfinu.

Starfsmannavelta hefur einnig reynst okkur mjög erfitt. Okkar upplifun var að við þurftum aftur og aftur að kenna nýju starfsmönnum okkur þau vinnubrögð, gildi, starfsáðferðir og leiðir í samskiptum og leik við börn og foreldra sem við værum að beita hér. Að vísu lærðum við af nýju starfsmönnum líka og spurningar þeirra héldu okkur á tánum hvað varðaði gagnrýnda hugsun og

hæfni til þess að skoða það sem við gerum og færa góð rök fyrir því. Það tók allt of mikinn tíma og orku í þjálfun sem við hefðum viljað einblína eingöngu á námskrágerðina og starfsemina almennt.

Fjórða og síðasta hindrunin var nefnd hér fyrir ofan sem frávik en ég tel það einnig sem hindrun og það er samstarfið við Háskólann, Menntamálaráðuneytið og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Ég tel að þessar stofnanir beri einnig ábyrgð á uppbyggingu skólakerfisins og skólar eins og Ösp. Hér er um að ræða skóla með svo mikla sérstöðu, stjórnendur sem eru til í að vinna markvisst við að bæta starfið sitt og með lítið af faglærðum starfsmönnum. Ég tel að börn og fjölskyldur sem sækja þjónustu og menntun hér eiga betra og meira skilið og að einmitt samstarfið við þær stofnanir sem bera ábyrgð á fagþróun og þeirri starfsemi sem þar fer fram.

## Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylga í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu

Ávinningar hefa verið margir og fyrir mínu hönd vil ég bara segja að fyrst og fremst það sem ég hef lært og hvernig ég hef þroskast sem fagmaður og leiðtogi er ómetanleg. Allir leikskólastjórar eiga að fá tækifæri til að starfa með öflugt þróunarverkefni af þessu tagi. Ástríða fyrir starfinu hefur aukist og þakklæti fyrir þau tækifæri sem slíkt þróunarstarf býður upp á samhliða.

Þegar ég sótti um starfið sem aðstoðarleikskólastjóri í Ösp árið 2009 var mér sagt af leikskólastjóra þar sem ég vann að Ösp væri ónýtur leikskóli og að ég ætti ekki erindi þar. Árið 2014 á meðan við störfuðum með hörðum höndum að þessu þróunarverkefni sótti viðkomandi leikskólastjóri faglega ráðgjöf hjá okkur hér hvað varðar starfsemi með málörvun, tvítyngisfræðslu og öflugt foreldrasamstarf. Á þeim nótum vil ég segja að einn helsti ávinningur er sá að Ösp nýtur nú mikillar virðingar út á við hvað varðar faglega starfsemi og okkar öfluga þróunarstarf. Við tökum á móti leikskólakennurum alls staðar frá, bæði hérlendis og erlendis þar sem við miðlum okkar sýn og starfi.

Við höfum fengið nokkrar viðurkenningar bæði með formlegum og óformlegum hætti.

- 2013 Orðspor frá Kennarasambandi Íslands – vegna samstarfs með Fellaskóla *Okkar mál*
- 2012 Hvatningarverðlaun frá Skóla- og frístundarráði Reykjavíkurborgar – vegna samstarfs með Fellaskóla *Okkar mál*
- 2014 Tilnefning til Foreldraverðlauna á vegum Landssamtaka Heimilis og skóla – vegna íslenskunámskeiðs fyrir foreldra
- 2013 Nichole Leigh Mosty hlaut viðurkenningu frá Íslenskri málnefnd – vegna árangríks starfs í þágu tvítyndra barna í leikskólanum Ösp og stuðning við foreldra þeirra
- Hausti 2014 CNN fréttastofan sendi fréttamann til Reykjavíkurborgar til þess að fjalla um leikskólastarf. Frétttaflutningur var á endanum um Leikskólanum Ösp og starfsemina sem hér fer fram
- Desember 2014 tókum við á móti Human Rights Independent Expert á vegum United Nations vegna „cultural and social initiatives in practice“
- Hausti 2014 European Council for Multicultural Cities heimsótti Ösp til þess að rýna í fjölmennningarlega starfsemi með börnum og foreldrum Aspar
- Ýmsar fréttir hafa verið birtar í íslenskum fjölmiðlum vegna verkefna hérna í Ösp

Síðast en ekki síst er orðspor Aspar gjörbreytt hér í nærsamfélaginu og á meðal starfsmanna Aspar. Foreldrar tala vel og með stolti um sinn leikskóla út á við. Biðlistar okkar eru langir og margir foreldrar hringja með miklum fyrirvara til þess að kanna hvort það sé laust hjá okkur fyrir þeirra börn. Fyrir rúmum klukkutíma síðan fékk ég símtal þar sem viðkomandi vildi óska okkur til hamingju við viðhorf til skólans. Ég skildi ekkert í viðmælandi en skýringin var að hann var að lesa á samfélagmiðlum svo fallega frásögn um skólann okkar og hvernig það hefur bætt ímynd hverfisins. Ég roðnaði.

Seinasta viðhorfskönnunin sem framkvæmt var á vegum Reykjavíkurborgar meðal starfsmanna Aspar var mjög jákvæð. Flest allar tölur voru hærri en þær tölur frá fyrri könnun sem framkvæmd var árið 2013. Mælikvarðinn var með viðhorfsbili á milli 1-10, 1 minnst og 10 mest. Starfsánægjan var 8, markmið og árangur í starfinu 8.5, tilgangur í starfinu 9.2, metnaður í starfi 8.8, ímynd skólans 8.5, starfsandi 8.7 og vinnuaðstaða 8.2. Hæfilegt vinnuálag var minna hjá okkur en meðaltal hjá öllum leikskólum í Reykjavíkurborg þrátt fyrir það að vera með svona mikla sérstöðu, að vinna með hörðum höndum í þróunarstarfsemi og vera með fáa faglærða leikskólakennara í starfi. Ég er afar stolt af okkur og tel það sem meira en ávinningur, að vera leikskólastjóri þar sem starfsmenn kunna að meta þeirra starf og starfstöð af svo miklu virði.

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið heppnaðist vel þar sem Ösp er allt annar skóli. Fræðslan hefur nýst okkur vel, samstarfið hefur veitt okkur dýrmætan stuðning, við höfum öðlast nýja sýn hvað varðar uppeldi og menntun og við höfum náð að tengjast betur foreldrum okkar í gegnum börnin sem við eigum saman hér í Ösp.

Samkvæmt umsókn ætluðum við að bæta samstarfið á milli Aspar og Fellaskóla. Þó að við höfum fundið fyrir erfiðleikum á leiðinni, þá erum við komin að okkur mati með alvöru samstarfsaðila sem hægt er að leita til þegar þess er þörf. Þó að allir starfsmenn í Ösp séu ekki í beinlínis samstarfi við kennara í Fellaskóla, þá eru allir að vinna að kennsluaðferðum sem undirbúa börn og foreldra betur fyrir það stig sem þau fara yfir í Fellaskóla.

Við teljum að við höfum náð að efla fagmennsku og kennsluaðferðir í Ösp og niðurstöður úr könnun sem framkvæmt var meðal starfsmanna Aspar er sannleikurinn. Starfsmenn meta fagmennsku sína í starfinu mjög háa (markmið og árangur í starfinu 8.5, tilgangur í starfinu 9.2 og metnaður í starfi 8.8). Starfsmenn vita hvað er ætlast er til af þeim, telja að þeir vinni metnaðarfullt starf og hafa skýr markmið þar sem þau ná árangri í sinni vinnu.

Við höfum náð að innleiða aðferðir og vinna með foreldrum í þeim tilgangi að efla þeirra skilning á hvað málörvun er og hvernig hægt er að vinna með máltöku og málskilning meðal barnanna á heimilinu. Tungumálataskan hefur verið bæði skemmtilegt og fróðleg fyrir foreldra að þeirra eigin sögn. Í Tungumálatöskunni er samskiptabók þar sem foreldrar fá tækifæri til að tjá sína upplifun eða senda okkur spurningar um töskuna og málörvun. Dæmi úr samskiptabók:

*„Nonni hafði mjög gaman af lestrinum og sérstakt dálæti hafði hann á bókinni um fyrstu orðin. Skemmtilegast fannst honum að finna hlutina sem gefnir voru upp á blaðsíðunni við hliðina. Takk fyrir okkur! Nonni, mamma og pabbi.“*

„Ashley er alltaf að leika og lesa. Mamma las fyrir Ashley. Háttatími og Ashley er alltaf að hlusta og hratt að sofa stundum var hún að horfa mynd eitthvað mynd góða nótt.“

Við lögðum fyrir starfsmenn matsspurningar tvisvar sinnum á skólaárinu 2014-15. Spurningunum var beint að starfsaðferðum og fagmennsku í starfinu (sjá fylgirit 4 Innra mat Aspar 2014-15). Helstu niðurstöður voru að starfsmenn búa yfir mikilli þekkingu hvað varðar málrækt, foreldrasamstarfi og þær aðferðir sem við höfum lagt rækt við í gegnum þessi þróunarverkefni. Þó að starfsmenn hafi lært mikið, þá sýndu niðurstöður einnig að mikil þörf er fyrir þjálfun á gólfinu. Starfsmenn virðast ekki hafa næga fagþekkingu eða jafnvel trú á sjálfan sig í faglegu samhengi til þess að sýna frumkvæði í daglegu starfi. Stundir sem eru skipulagðar af deildarstjórum ganga vel, en þegar starfsfólkið þurfti að vinna með þær aðferðir til dæmis í frjálsum leik þá var það þeirra upplifun að þau þyrftu meiri aðstoð og leiðsögn.

## Niðurstöður verkefnisins

Eins og fram kemur hér í gegnum skýrsluna höfum við í Öspinni innleitt töluvert mikið af nýjungum. Helstu niðurstöður verkefnisins eru mörg og fyrst og fremst er mikilvægt að taka fram það sem við höfum lært um leikskólastarfsemina, okkur sem fagmenn og það fólk sem við þjónum.

### Lærdómur sem verkefnið leiddi af sér

Hægt er að segja að þó við lögðum af stað til þess að breyta, þróa og kenna, þá höfum við lært margt í gegnum þriggja ára verkefni. Við höfum til dæmis lært hversu mikilvægt það er að mæta fólki án fordóma þar sem það er statt óháð bakgrunni. Hér má taka fram að ég er að tala um bæði fullorðið fólk og börn. Við höfum lagt mikla rækt við að efla fagmennsku innan starfsmannahópsins þar sem meirihluti starfsmanna er ekki með fagþekkingu á sviði uppeldis og menntunar, fjölmenningu, málrækt og læsi, jafnrétti, sköpun eða lýðræði.

Við höfum lært hversu mikilvægt það er að hafa grunnildin vel skilgreind þegar starfshópurinn fer af stað að þróa nýju vinnubrögðin. Okkar gildishugtök og vinnan sem við lögðum á okkur við að skilgreina og meta þau hefur verið kjarninn að öllu því starfi sem við höfum náð að innleiða. Við teljum enn fremur að starfsmenn hafi sameinast og að liðsheildin sé sterkari í dag vegna innleiðingar vinnubragða tengdum gildishugtaka okkar. Það er einnig mín upplifun sem leikskólastjóri og hluti af starfsmannahóp Aspar, að vinna okkar með gildishugtök hefur dregið úr fordómum. Ég tel að starfsmenn hafi lært að mæta hvort öðru, foreldrum og börnum með aukinni virðingu vegna hugsjóna okkar tengdum gildishugtökunum.

Við höfum einnig lært hversu mikilvægt samstarf er. Við höfum náð að breyta svo mörgu einfaldlega vegna þess að við vorum reiðubúin til að treysta hvert öðru þegar þess þurfti. Við vorum tilbúin til að tala af einlægni og leita aðstoðar þegar þess þurfti. Svæðisflæðið er byggt á þessum grundvelli, við störfum saman sem heild að efla og stuðla að menntun barnanna í gegnum leikinn. Við höfum náð að brúa stórt bil á milli skóla og heimilis þar sem við breyttum og bættum samstarfið og samskiptin við foreldra. Við höfum einnig náð að brúa bilið á milli skólastiga með gríðarlega flottu samstarfi í *Okkar mál* starfinu. Nú erum við að koma okkur af stað hvað snertir aukna fagmennslu í tengslum við málrækt og læsi í gegnum leik í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

### Náðust markmiðin?

Þau markmið sem við settum okkur eru ekki endilega öll mælanleg, það er að segja við þurftum að leggja huglægt mat á hvort við höfum náð þeim eða ekki.

- **Að efla þekkingu starfsfólks varðandi málþroska og málörvun ásamt því að kynnst þeim kennsluaðferðum sem til eru.** Við teljum að þekking starfsfólks hafi aukist í markvissri málörvun með börnum og gerð var metnaðurfyll læsisáætlun sem við störfum eftir.
- **Innleiða nýjar kennsluaðferðir sem byggja m.a. á skapandi starfi og málörvun sem ýtir undir læsi í mjög víðum skilningu.** Kennsluaðferðir innan skólans hafa aukist. Þar má nefna innleiðingu Orðaspjalls, hringekjan, orðaflokkavinna, stuðningur við foreldra og móðurmálskennsla, málræktaráætlun sem við höfum unnið að með aðstoð Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.
- **Að bæta vinnubrögð innan skólans sem byggja á lýðræðislegum gildum þar sem börnin verða virk í því að skapa og móta námsumhverfi sitt.** Kennsluaðferðir innan skólans hafa aukist. Þar má nefna innleiðingu svæðisflæðis, sem nýjan þátt í dagskipulaginu. Starfsfólk sinnir ákveðinni kennslu á mismundandi svæðum um allan leikskólann á meðan börn eru frjáls til þess að flæða á milli svæða.
- **Að leita leiða til þess að bæta samstarf milli heimilis og skóla, þannig að ákveðin og markviss víxlverkun komi til með að eiga sér stað. Annars vegar þar sem foreldrar munu skila til skólans menningarlegum gildum heimilis og hins vegar þar sem skólinn skilar til foreldra gildum úr bæði námssamfélaginu og hinu íslenska samfélagi.** Breytt og bætt þátttökunaraðlögun hefur aukið stöðu foreldra í leikskólastarfi og skilning þeirra á kennsluaðferðum og menntunargildi leikskólans. Heimasamtöl með foreldrum við upphaf skólavistar hefur brúað bil á milli heimilis og skóla og opnað samskiptaleiðir og traust á milli foreldra og skólans. Tungumálataskan er einnig gott dæmi um hvernig við vinnum saman í kringum börnin. Sameiginlegir viðburðir sem fram fara hjá okkur í Ösp hafa einnig tekið sitt eigið form þar sem foreldrar hafa miklu meira að segja um hvað og hvernig við skemmtum okkur í kringum börnin okkar.
- **Að bæta samstarf milli Fellaskóla og Aspar til að jafna stöðu barna og foreldra í hverfinu.** Farið var mjög ítarlega yfir samstarfið þar og við teljum að í dag erum við komin á betri og sterkari stað með hag barnanna í Fellahverfi að leiðarljósi.
- **Að móta nýja skólanámskrá.** Þó að við höfum náð langt í gerð námskrár og erum komin með góðan grunn þá eigum við eftir heilmikið verk að vinna við að skrifa og einnig við fræðilega samsetningu hennar.

### Áframhald af verkefninu

Við teljum að við eigum eftir að halda áfram að þróa og bæta starfsemi okkar hér í Ösp. Leikskólar eru lifandi umhverfi þar sem við tökum mið af börnum, fjölskyldum og starfsmönnum í daglegu starfi. Þar sem þau eru síbreytileg í starfsemi skólans ætti einnig alltaf að halda áfram að þróa og móta sig í kringum þau. Við munum halda áfram að vinna með námskrá okkar. Við erum að byrja á þeirri nýjung



að skrá framför barnanna sem eru að læra íslensku sem annars mál í leikskólanum. Við teljum að við eigum eftir að læra mikið í gegnum þá innleiðingu sem kæmi til þess að hafa áhrif á starfsaðferðir og nálgun okkar í daglegu starfi með börnunum.

Við erum með öflugan hóp í foreldraráði sem við teljum einnig koma til með að hafa áhrif á skólaþróun og við hlökkum til framtíðarinnar hér í Ösp.

### Áætlun um kynningu á afrekstri verkefnisins og helstu niðurstöður

Skýrslan þess mun formlega vera kynnt fyrir foreldrum og starfsmönnum skólans á sérstökum kynningarfundum. Skýrslan mun einnig vera formlega send inn til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og ef óskað er eftir kynningu þá teljum við það skyldu okkar að miðla áfram því sem við höfum lært og gert.

Við höfum verið að taka á móti hópum af kennurum bæði frá leikskólum innan Reykjavíkurborgar og utan af landi, einnig fjölmargir hópar af kennurum og fræðimönnum erlendis frá þar sem við kynnum starfsemi skólans og þróunarverkefnið í því samhengi. Við höfum einnig flutt fjölmarga fyrirlestra, til dæmis má nefna Vorráðstefnan fyrir norðan hjá Háskólanum á Akureyri bæði árið 2014 og 2015, hjá Háskóla Íslands bæði á Menntakviku 2014 og Learning Spaces for Social Justice alþjóðleg ráðstefna um fjölmenningu í skólastarfi og einnig fyrir Fagráð um læsi á vegum Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborg.

Um leið og námskráin er kláruð viljum við fara af stað við að kynna hana fyrir skólasamfélaginu og þá sem hafa áhuga á að læra um allt það sem við höfum tileinkað okkur í gegnum þróunarstarfið. Við teljum að sérstaða Aspar og þróunarstarfsemin sem við höfum innleitt þurfi að miðla áfram þar sem við höfum lært svo mikið sem hefur gildi fyrir utan Ösp og meðal annarra sem starfa með fjölmenningu, börnum og foreldrum.

## Heimildir

*Aðalnámskrá leikskóla (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneyti.*

*Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Sótt af <http://barn.is/barnasattmalinn/>.*